

iuguna; þér hafið því farið þess á leit, að þessir 7 rd. 82 sk. verði endurgoldnir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr ríkissjóðnum.

1866.
11. júní.

Um þetta skal yður kunngjört, að stjórnarráðið er yður samdóma í því, að það eigi að greiða úr ríkissjóðnum bæði kostnaðinn við að flytja sakamann þenna þangað, sem hann átti að taka út hegninguna, og líka kostnaðinn við veru hans á bæjar-spítalanum hér, og hefir því í dag verið hlutast til um, að þessir optnefndn 7 rd. 82 sk. verði borgaðir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr ríkissjóðnum, af fè því, sem er tilfært í 9. gr. VI C í fjárhagslögunum.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldfrest á skuldum jafnaðarsjóðs suðuramtsins.

20. júní.

Með bréfi 2. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað útdrátt úr reikningi um jafnaðarsjóð suðuramtsins árið 1865, og sèst á honum, að á þessu reikningsári hafa gjöldin verið 141 rd. 37 sk. meiri en tekjurnar, auk skulda, sem eru alls 2718 rd. 68 sk. og ekki hafa orðið borgaðar í tækan tíma úr sjóðnum, það er að segja: 1) Það sem eptir stendur af alþingis-tollinum fyrir árin 1861—62 og 1864—65, alls 1268 rd. 68 sk.; 2) 1000 rd., sem á að vera búið að borga uppí lán það, er suðuramtinu var veitt úr ríkissjóðnum í fjáráukalögunum 30. desembermán. 1858; 3) 450 rd. skuld til Thorchillii sjóðs; og við þetta bætast enn nokkrar skuldakröfur útaf ráðstöfunum gegn fjárkláðanum árin 1862—63 og 1864—65, sem ekki verður enn þá sagt með vissu, hversu stórar sèu. Þér hafið skýrt frá, að yður þyki ísjárvert, að leitast við að borga skuldir þessar, sem allar hafa á fallið síðan 1861, með því að hækka jafnaðarsjóðsgjaldið í einu um svo mikið, sem til þess þyrfti, en í von um, að dómsmálastjórnin fallist á uppástungu yðar í bréfi 1. marzmán. þ. á. um, að yður verði veitt til umráða nóg fè til að borga með kostnaðinn við ráðstafanir þær, er gjörðar hafa verið

1866.
20. júní.

og gjörðar verða frá því í septembermán. f. á. þangað til í septembermán. þ. á. gegn fjárkláðanum, og með því að þær ætlist á, að gjöld jafnaðarsjóðsins verði, í ár hærumbil 2000 rd., að meðreiknuðum bæði alþingistollinum fyrir árið 1866 og því sem borga á uppi skuldina, er áður var um getið, til ríkissjóðsins, hafið þær hugsað yður, að það mætti verja í ár og næstu ár 600 rd. á ári til þess að koma jafnaðarsjóðnum úr hinum öðrum skuldum hans, og þá yrði búið að borga fyrir lok ársins 1868 bæði það sem eptir stendur af alþingistollinum og lánið úr Thorchillii sjóðnum. Að þessu verði hagað þannig er samt að yðar hyggju komið undir því, að fenginn verði tveggja ára frestur á gjalddaganum, þá er á að byrja að borga uppi hina optnefndu skuld til ríkissjóðsins. Loks hafið þær getið þess, að, ef að stjórnarráðinu þykir 3 ár vera of langur tími til að koma jafnaðarsjóðnum úr skuldum hans, þá sé naumast annað úrræði til að borga skuldir þessar á skemmri tíma, en að yður sé veitt heimild til að taka til láns handa sjóðnum að minnsta kosti 2100 rd., er borgaðir væru af 4 af 100 í rentu, og höfuðstóllinn goldinn smátt og smátt, eptir því sem stjórnarráðið ákvæði, þó ekki á skemmri tíma en 7 árum. Samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, hafið þær því farið þess á leit: fyrst og fremst, að jafnaðarsjóði suðuramtsins verði veittur 1) gjaldfrestur á því, sem átti að vera búið að borga árin 1864 og 1865 uppi lán það, er amtinu var veitt úr ríkissjóðnum í lögum 30. desembermán. 1858, þannig, að ekki eigi að byrja að borga neitt uppi lánið fyr en í ár, og 2) þriggja ára frestur á að borga hinar aðrar skuldir, er hvíla á sjóðnum, 1718 rd. 68 sk. að upphæð, þannig að borgaður verði árin 1866, 1867, 1868 að minnsta kosti þriðjungur þeirra á ári, og til vara: að stjórnarráðið veiti stiptamtinu heimild til að taka til láns í ár handa jafnaðarsjóðnum, til þess að borga með skuldir hans, 2100 eða 2200 rd., þannig, að borgaðir verði 4 af 100 í rentu af láninu, og uppi höfuðstóllinn borgaðir 300 rd. á ári frá því 1867.

Um þetta skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin ætlar sér, eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um það, að

fara þess á leit í tekjudálki frumvarpsins til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1867—68, að veittur verði frestur frá 1. janúarmán. 1864 til 1. janúarmán. 1866, með að borga 500 rd. á ári uppí 6000 rd. lán það, sem suðuramtinu á Íslandi var veitt rentulaust í fjáráukalögum 30. desembermán. 1858 til að standa straum af kostnaði þeim, er fjárkláðinn var ollandi, með þeim kjörum, að allt lánið verði borgað fyrir lok ársins 1877, og að borgaðir sæu í rentu 4 af 100 á ári árin 1876 og 1877 af því, sem þá stendur eptir. Að öðru leyti fellst dómsmálastjórnin á aðaluppástungu yðar, herra stiptamtmaður, er tilfærð er hér að framan.

1866.
20. júní.

61. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 22. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 20. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekkjum um sig :

Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni 55 rd.

— Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . . . 15 -

— Jóni Sigurðssyni frá Söndum . . . 60 -

— Jóni Jónssyni frá Miklabæ . . . 15 -

— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . . . 15 -

— Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum . . . 35 -

Prestaekkjum Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum . . . 30 -

— Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli . . . 20 -

— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . . 15 -

— Helgu Arnfinnsdóttur á Hallsteinsnesi . . . 5 -

— Kristínu Pálsdóttur á Brekku . . . 25 -

— Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá . . . 20 -